

Akureyri, 24. febrúar 2022

Efni: Samstarf sveitarfélaga innan SSNE og N4

Vísað er til tölvupósts sem María Björk Ingvadóttir, framkvæmdastjóri N4 sendi 11 af 12 sveitarfélögum innan SSNE 17. desember 2021, „*Samstarf 11 sveitarfélaga á Nl.eystra og N4 2022*“. Lýsing N4 á verkefninu eins og það er sett fram í tölvupóstinum er eftirfarandi:

„Við á N4 vinnum að því þessar vikurnar að koma á samstarfi að lágmarki fimm en vonandi allra 11 sveitarfélaga (utan Akureyrar) á Norðurlandi eystra og fyrirtækja í viðkomandi sv.félögum og N4, um að auka sýnileika með stöðugri umfjöllun á faglegan og áhugaverðan hátt frá svæðinu m.a. með þáttagerð, gerð kynningarefnis og fleira.

Nokkur fyrirtæki hér hafa sýnt áhuga og frumkvæði að því að leggja málinu lið með jafn hárrí upphæð og sveitarfélögin leggja fram, til þess að þetta geti orðið að veruleika með breiðu samstarfi. Markmiðið er að ná samtals 16 milljónum í verkefnið, 8 milljónum frá sveitarfélögum 11 og 8 milljónum frá fyrirtækjum.“

Ljóst er að mikill vilji er til þess að tryggja það að landshlutinn fái góða umfjöllun á miðlum N4 og hefur samtali átt sér stað á milli sveitarfélaga um það hvernig þessu máli verður best fram undið. Sveitarstjórar Dalvíkurbyggðar og Eyjafjarðarsveitar ásamt fulltrúa frá Akureyrarbæ hafa, í samstarfi við SSNE, unnið tillögur um skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaga til grundvallar samningi við N4. Á fundi 23. febrúar var óskað eftir því að SSNE myndi halda utan um málið og fylgja því eftir gagnvart sveitarfélögum.

Í meðfylgjandi töflu er að finna þá tillögu um kostnaðarskiptingu sem lögð er fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin Langesbyggð og Svalbarðshreppur eru reiknuð sem eitt og það sama á við um Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp. Upplagg N4 var að sveitarfélögin myndu saman greiða 8 milljónir í verkefnið á móti sömu upphæð frá fyrirtækjum á svæðinu en hér er lagt til að sveitarfélögin öll innan SSNE leggi fram samtals 5 milljónir. Markmiðið er að fá sem jafnasta umfjöllun yfir allt svæðið.

Tillagan felur það í sér að helmingi upphæðarinnar verði skipt jafnt í 10 hluta, dálkur sem heitir „Fast“. Síðan er lögð til ákveðin jöfnun til að verkefnið verði minna íþyngjandi fyrir minni sveitarfélögin. Dálkurinn „Hlutfall“ felur í sér skiptingu hins helmings upphæðarinnar (5 millj.) sem dreyfist samkvæmt hlutfall íbúa sveitarfélaganna. Dálkurinn „Samtals“ inniber samtölu dálkanna þriggja og er það sú upphæð sem hvert sveitarfélag ber samkvæmt tillögunni. Loks má sjá í síðasta dálknum kostnað per íbúa hvers sveitarfélags.

Hér með er tillagan lögð fyrir sveitarfélögin og þess er óskað að svör berist fljótt.

F.h. SSNE

Eyþór Björnsson

Framkvæmdastjóri

Sveitarfélag	Íbúafjöldi á 3.ársfj. 2021	Hlutfall	Fast	"Jöfnun"	Hlutfall	Samtals	Kostnaður á íbúa
Fjallabyggð	1,970	6.35%	250,000 kr	42,000 kr	158,666 kr	450,666 kr	229 kr
Dalvíkurbyggð	1,840	5.93%	250,000 kr	42,000 kr	148,196 kr	440,196 kr	239 kr
Hörgársveit	700	2.26%	250,000 kr	-150,000 kr	56,379 kr	156,379 kr	223 kr
Akureyrarbær	19,570	63.05%	250,000 kr	544,000 kr	1,576,192 kr	2,370,192 kr	121 kr
Eyjafjarðarsveit	1,120	3.61%	250,000 kr	-10,000 kr	90,206 kr	330,206 kr	295 kr
Svalbarðsstrandarhr.	460	1.48%	250,000 kr	-188,000 kr	37,049 kr	99,049 kr	215 kr
Grýtubakkahreppur	370	1.19%	250,000 kr	-200,000 kr	29,800 kr	79,800 kr	216 kr
Þingeyjarsveit/Skútust.hr.	1,360	4.38%	250,000 kr	-80,000 kr	109,536 kr	279,536 kr	206 kr
Norðurþing	3,040	9.79%	250,000 kr	166,000 kr	244,845 kr	660,845 kr	217 kr
Langanesbyggð/Svalbarðshr.	610	1.97%	250,000 kr	-166,000 kr	49,130 kr	133,130 kr	218 kr
Samtals	31,040	100.00%	2,500,000 kr	0 kr	2,500,000 kr	5,000,000 kr	161 kr